

Þvi dæmist rétt vera:

Aðalstefndur, Ólafur B. Björnsson f. h. eigenda 1/v Ólafur Bjarnason, firmans B. Ólafsson & Co., greiði aðalstefnanda, Ólafi H. Jónssyni f. h. h/f Alliance vegna b/v Hannes ráðherra, kr. 16909.31 með 6% ársvöxtum frá 12. nóv. 1937 til greiðsludags.

Í gagnsök á gagnstefndur að vera sýkn af kröfum gagnstefnanda.

Aðalstefndur (gagnstefnandi) greiði aðalstefnanda (gagnstefndum) kr. 700.00 í málskostnað í aðalsök og gagnsök, og á aðalstefnandi sjóveðrétt í 1/v Ólafur Bjarnason M. B. 51 til tryggingar hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 24. maí 1939.

Nr. 58/1937. Skiptaráðandinn í Suður-Múlasýslu f. h. protabús útgerðarsamvinnufélagsins „Kakali“ (Einar B. Guðmundsson)
gegn

Sigurði Jóhannssyni

(Sveinbjörn Jónsson).

Ómerking vegna ófullnægjandi málshöfðunar.

Dómur hæstaréttar.

Í máli þessu, sem skotið er til hæstaréttar með stefnu 11. júní 1937 og að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m., liggur ekki fyrir nægileg sönnun þess, að kröfu þeirri, sem málið varðar, hafi verið lýst í protabú stefnda samkvæmt 33. gr. sbr. 90. gr. skipta-laganna og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 52/1914 eða að skiptaráðandi hafi vísað henni til sjódóms sam-

kvæmt áður nefndu ákvæði laga nr. 52/1914. Verður af þessum ástæðum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum þykir verða að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að hinn reglulegi héraðsdómari virðist hafa vikið úr dómarasæti í máli þessu án nægilegrar ástæðu.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði og héraðsdómur á að vera ómerkur, og visast málinu frá héraðsdómi.

Stefndi, Sigurður Jóhannsson, greiði áfrýjanda, skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu f. h. þrotabús útgerðarsamvinnufélagsins „Kakali“, 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjódóms Suður-Múlasýslu 5. des. 1936.

Mál þetta er höfðað fyrir sjórétti Suður-Múlasýslu með stefnu birtri 11. sept. 1936 af Eiríki Bjarnasyni f. h. Sigurðar Jóhannssonar, Eskifirði, gegn skiptaráðandanum í Suður-Múlasýslu M. Gíslasyni f. h. þrotabús útgerðarsamvinnufélagsins „Kakali“, sama staðar, til greiðslu á eftirstöðvum af kaup, kr. 269.33, með 6% ársvöxtum frá 1. jan. 1936 og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi, kr. 106.60, og enn fremur, að viðurkenndur verði sjóveðréttur stefnandans fyrir kröfum þessum í v/b Birkir S. U. 510 (sic) með tilheyrandi.

Af hálfu núverandi eigenda v/b Birkis S. U. 510 (sic) hefir verið mætt í málinu, en af hálfu stefnds þrotabús

hefir enginn mætt, og er þó löglega stefnt, og verður að því leyti að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefnandinn hefir lagt fram í málinu reikning frá útgerðarsamvinnufélaginu „Kakali“, undirritaðan af fyrrverandi framkvæmdarstjóra félagsins, og er reikningur þessi yfir viðskipti stefnandans við félagið árið 1935. Sýnir niðurstaða reiknings þessa, sem lagður er fram í frumriti, inn eign stefnandans hjá félaginu kr. 269.33 um síðustu áramót og þar sem engum liðum reiknings þessa hefir verið hrundið með rökum, verður að telja hann fullnægjandi sönnun fyrir inneign stefnandans hjá þrotabúinu.

Umboðsmaður núverandi eigenda Birkis hefir reyndar haldið því fram í málinu, að stefnandinn geri kröfu til að fá tvíborguð björgunarlaun vegna b/v Mack Lay, kr. 60.00, þar sem hann haldi í sínum vörzlum hlut, er að verðmæti svari til upphæðarinnar, en hún er meðreiknuð í dómkröfunni. Gegn þessu hefir stefnandinn fært það fram, að hlutur sá, sem hér er um að ræða, sé áttaviti, eign núverandi eigenda v/b Birkis, en ekki þrotabúsins, og honum haldið upp í persónulega kröfu á hendur fyrrverandi framkvæmdarstjóra félagsins. Verður því að líta svo á, að þessi andmæli séu eigi á rökum byggð. Það er upplýst í málinu, að stefnandinn, Sigurður Jóhannsson, hafi verið einn stofnenda og meðlimur í útgerðarsamvinnufélaginu „Kakali“ og beri sem slíkur ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins. Í málinu liggja eigi fyrir neinar upplýsingar um fjárhag þrotabúsins, né þá upphæð, er meðlimir félagsins kynnu að verða gerðir ábyrgir fyrir, ef til þess kæmi, enda ekkert komið fram, er bendir til þess, að ætlunin sé að gera þá ábyrgð gildandi gagnvart félagsmönnum. Ef svo hefði verið, lá næst við að bera fram gagnkröfu í þessu máli, sem eigi hefir verið gert, þar sem skiptaráðandi eða skiptafundur hafa, eftir því sem stefnandi fullyrðir, ákveðið, að láta eigi mæta til andsvara í málinu.

Eins og málið því liggur fyrir, verður rétturinn að fallast á, að viðurkenna kröfur stefnandans á þrotabúið og taka dómkröfu hans að því leyti til greina.

Umboðsmaður eigenda v/b Birkis hefir mótmælt sjóveðrétti stefnandans fyrir innieign hans hjá þrotabúinu.

Á framlögðum reikningi yfir viðskipti stefnandans við þrotabúið eru margar upphæðir, sem sjóveðréttur fylgir eigi, en hinsvegar eru þar einnig miklar upphæðir, margfalt hærri en dómkrafan, t. d. sildarhlutur, kaup o. fl., sem sjóveðréttur er fyrir samkv. 236. gr. siglingalaganna 56/1914. Eins og á stendur, verður stefnandanum að teljast heimilt að láta greiðslurnar ganga fyrst til að borga þær kröfur hans, sem eigi fylgir sjóveðréttur. Þar sem ekkert hefir verið fram tekið um það af hálfu greiðanda.

Stefnandinn hefir krafizt 6% vaxta af kröfum sínum, en þar sem hvorki liggur fyrir samningur um það, né heldur verður talið almennt, að vextir séu greiddir þannig af kaupkröfum, verður sú krafa hans eigi tekin til greina fyrr en frá stefnudegi og færast það (sic) niður í hina almennu vexti 5% p. a.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur stefnandans teknar til greina um greiðslu á kr. 269.33 með 5% ársvöxtum frá 6. júlí s. l. til greiðsludags og málskostnaðargreiðslu, er þykir hæfilega metin 60 krónur, og viðurkennist sjóveðréttur fyrir þessum upphæðum í v/b Birki S. U. 519 með tilheyrandi útbúnaði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, skiptaráðandinn í Suður-Múlasýslu Magnús Gíslason f. h. þrotabús útgerðarsamvinnufélagsins „Kakali“, greiði stefnandanum, Eiríki Bjarnasyni f. h. Sigurðar Jóhannssonar, kr. 269.33 með 5% vöxtum frá 6. júlí 1936 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað.

Ennfremur hefir stefnandinn sjóveðrétt fyrir ofangreindum upphæðum í v/b Birkir S. U. 519.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.